

Einar Bjarki Sigurjónsson fararstjóri í gönguverkefningu Fleiri fjöll haustið 2020



Einar Bjarki er alinn upp í Hafnarfirði en var meira í sveitinni í Hrútafirði frá 13 ára aldri. Hann hefur alltaf verið mikið náttúrubarn og helst hvergi annarsstaðar viljað vera. Frá 2001 hefur hann starfað sem grunnskólakennari á Svalbarðseyri og er meðlimur í Súlum, björgunarsveit á Akureyri þar sem hann hefur m.a. kennt ferðamennsku og rötun. Hans helsta ástríða er útivist og hreyfing og hefur farið í ýmsar ferðir, bæði langar og stuttar allan ársins hring. Hann þekkir því vel til fjalla og ferðamennsku hvort heldur sé gangandi, hlaupandi eða hjólandi.